



## Sérkennslustefna Lundarsels -Pálmholts

Sérkennslustefna Lundarsels- Pálmholts byggir á hugmyndafræði Skóli án aðgreiningar og Snemmtæk íhlutun. Hugmyndafræðin Skóli án aðgreiningar fagnar margbreytileikanum og telur að það sé kostur að börn séu ólík. Í leikskólanum er lögð áhersla á að náms- og félagslegum þörfum allra barna sé mætt þar sem barnið er statt hverju sinni. Fjölbreyttir kennsluhættir eru hafðir að leiðarljósi ásamt hvetjandi námsumhverfi og sveigjanleika. Hvert barn er metið af þeim verðleikum sem það býr yfir og mikilvægt er að barnið finni að það tilheyri skólasamfélaginu.

Snemmtæk íhlutun stendur fyrir inngrip eða þjálfun sem á sér stað um leið og áhyggjur vakna. Leitast er við að hafa áhrif á þroskaferil barnsins með skipulögðum og markvissum aðgerðum eins fljótt og unnt er. Íhlutun beinist fyrst og fremst að barninu sjálfu en einnig að aðstandendum og umhverfi barnsins. Notast er við þverfaglega nálgun þar sem samvinna er á milli ýmissa stofnanna og fagfólks. Hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar á vel við í leikskólum því hún kemur að notum á ýmsan hátt í daglegu starfi leikskólans og í sérkennslu.

## Vinnuferli sérkennslumála í Lundarseli-Pálmholti

Í Lundarseli-Pálmholti er lögð áhersla á gott foreldrasamstarf og að foreldrar/forráðamenn komi að ferlinu frá upphafi. Ef foreldrar eða kennarar hafa áhyggjur af þroskaferli barnsins fer ákveðið vinnuferli af stað. Fyrsta skrefið er að foreldrar/forráðamenn hafa samband við leikskólann eða leikskólinn hefur samband við foreldra/forráðamenn barnsins. Skoða hvernig gengur heima og í leikskólanum og ræða leiðir til úrbóta. Gagnkvæm virðing er höfð að leiðarljósi þar sem opin samskipti eru mikilvæg. Fyrsta skrefið er að funda með foreldrum til að ákvarða hvað sé best fyrir barnið og unnið er úr þeim upplýsingum sem foreldrar leggja til samhliða vitneskju starfsmanna leikskólans. Unnið er markvisst með barn í 3-6 mánuði í leikskólanum og á meðan það ferli á sér stað, fer fram gagnasöfnun. Gagnasöfnun felur í sér skráningar, myndbandsupptökur, greinargerðir og ef þörf er á útfylling lista.

Skráningar er mikilvægur þáttur í starfi Lundarsels-Pálmholts og leggja skráningar grunninn að komandi vinnu eða íhlutun með barninu. Í kjölfar gagnasöfnunar er útbúin einstaklingsnámskrá/áætlun fyrir barnið. Einstaklingsnámskrár aðstoða kennara í skipulagningu á námi barna með sérþarfir. Námskrár taka mið af þörfum hvers barns og meiri líkur eru á því að allir starfsmenn leikskólans vinni eins með viðkomandi barn ef námskrá liggur fyrir. Foreldrar/forráðamenn í samvinnu við kennara setja niður þá þætti sem þarf að vinna með og

telja að það sé mikilvægt fyrir barnið að tileinka sér. Markmið eru sett til skemmri eða lengri tíma og er árangur metinn eftir ákveðinn tíma og þá er tekin ákvörðun um hvort þurfi að leita eftir sérfræðipjónustu frá Fræðslusviði Akureyrarbæjar. Á Fræðslusviði Akureyrarbæjar eru starfandi sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi sem þjónusta leikskóla bæjarins. Sérkennslustjóri sendir tilvísun til Fræðslusviðs ef óskað er eftir aðstoð varðandi barn. Ef ákveðið ferli fer í gang í samvinnu við Fræðslusvið Akureyrarbæjar þá sitja sérkennsluráðgjafi, sérkennslustjóri, deildarstjóri, stuðningsaðili (ef við á) og foreldrar teymisfundum sem haldnir eru á ca 6-8 vikna fresti. Á þessum fundum er farið yfir hvernig er að ganga heima og í leikskólanum. Einstaklingsnámskrá er höfð til hliðsjónar og ákveðið er með áframhaldandi vinnu og markmið. Þegar barn er komið með greiningu þá sér sérkennslustjóri um að yfirfara gögn barnsins og hafa samband við foreldra/forráðamenn og kennara. Samráð er haft á milli heimilis og skóla strax í upphafi vinnunnar hver þörfin er og hvað þurfi að aðlaga til þess að barnið njóti sín í sínu námi og þroskaferli.

Lundarsel-Pálmholt er SMT- skóli og er með starfandi lausnateymi. Oft er gott að byrja þar ef vandinn tengist hegðun. Lausnateymið vinnur þá að úrræðum ásamt kennurum barnsins. Foreldrar geta sótt um PMTO námskeið þar sem þeim er kennt að nota hvatningu, setja mörk, leysa ágreining og eiga jákvæða samveru með börnunum sínum. Einnig er lögð áhersla á skýr fyrirmæli, tilfinningastjórnun, samskiptatækni og tengsl heimilis og skóla.

Sérkennsla á Lundarseli-Pálmholti fer fram á sem flestum stöðum eins og inni á deildum, í sérkennsluherbergi, í útiveru og í sal. Sérkennsla fer fram bæði í smærri hópum og einnig einstaklingslega þegar þörf er á.

## Sérkennslustjóri

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri í 75% stöðugildi. Sérkennslustjóri er faglegur umsjónarmaður sérkennslumála í leikskólanum og annast m.a. frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskólans. Sérkennslustjóri er Indíana Hrönn Arnardóttir leikskólakennari, [indahronn@akmennt.is](mailto:indahronn@akmennt.is) Sérkennslustjóri er ekki með fasta viðtalstíma en öllum foreldrum leikskólans er velkomið að hafa samband. Sérkennslustjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum sem eiga við, aðalnámskrá leikskóla og stefnu Akureyrarbæjar. Innan leikskólans er starfandi sérkennsluteymi og í því teymi sitja sérkennslustjóri ásamt öðrum sem sinna sérkennslu við skólann. Teymið fundar einu sinni í viku.

### Starfslýsing og meginverkefni sérkennslustjóra Stjórnun og skipulagning:

- Ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra.
- Er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólum, annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskóla.
- Ber ábyrgð á miðlun upplýsinga milli sérkennsluráðgjafa/sérkennslufulltrúa leikskóla og starfsmanna leikskólans.
- Hefur umsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans sem tengjast sérkennslu. Uppeldi og menntun • Ber ábyrgð á að börnum sem njóta sérkennslu í leikskólum sé boðið upp á þroskavænleg verkefni.
- Hefur yfirumsjón með gerð verkefna og ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Hefur yfirumsjón með að áherslum um kennslu annarra sérfræðinga sé framfylgt í leikskólanum og að skýrslur séu gerðar. Foreldrasamvinna
  - Vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barna sem njóta sérkennslu í leikskólanum og situr fundi og viðtöl með þeim.
  - Veitir foreldrum/forráðamönnum barna sem njóta sérkennslu stuðning, fræðslu og ráðgjöf. • Situr foreldrafundi sem haldnir eru á vegum leikskólans.
- Ber að hafa náið samstarf við sérkennsluráðgjafa og aðra sérfræðinga sem tengjast leikskólanum vegna barna sem njóta sérkennslu.
  - Situr fundi þar sem fjallað er um málefni barna sem þurfa sérfræðiaðstoð eða sérkennslu í leikskólum samkvæmt boðum yfirmanns eða hlutaðeigandi aðila.
  - Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varða starfsemi leikskólans.
- Sinnir þeim verkefnum er varða sérkennslu sem yfirmaður felur honum.

## Matstæki og listar sem notaðir eru í Lundarseli-Pálmholti

Matstæki	Aldur	Áherslupættir	Hver leggur fyrir	Lagt fyrir
TRAS	2-5 ára	Málþroski/samskipti/ félagsfærni	Kennarar deilda	Þau börn sem við höfum áhyggjur af
Hljóm 2	5 ára	Hljóðkerfisvitund	Sérkennslustjóri/ kennari	Öll börn í elsta árgangi
ASEBA	1 ½-5 ára	Hegðun og atferli	Kennarar deilda	Eftir þörfum
AEPS	0-6 ára	Mat á færni/getu barns	Sérkennslustjóri/ kennari	Eftir þörfum
Íslenski þroskalistinn	3-6 ára	Gróf- fínhreyfingar, tal, hlustun, sjálfsbjörg og nám	Sérkennslustjóri/ Kennari	Eftir þörfum
Smábarnalistinn	15-38 mánaða	Mál – og hreyfiþroski	Sérkennslustjóri/ Kennari	Eftir þörfum
AAL listinn	1-6 ára	Hegðun og atferli	Sérkennslustjóri/ Kennari	Eftir þörfum
Íslenski málhjóðamælirinn	2-6 ára	Smáforrit sem skimar fyrir um framburð	Sérkennslustjóri/iðjupjálfi	Eftir þörfum
Þroskalýsingar	2-5 ára	Alhliða þroski	Kennarar á deild	Öll börn